



Knattspyrnudeild Stjórnunnar

Sæmundur Friðjónsson, formaður

Baldvin Sturluson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 11. september 2024

Úrskurður: Atvik í leik FH og Stjórnunnar í Bestu deild karla 1. september 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 10. september, var tekið fyrir erindi sem málskotsnefnd KSÍ vísaði til nefndarinnar með vísan til 6. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í leik FH og Stjórnunnar í Bestu deild karla þann 1. september 2024. Erindið barst nefndinni þann 3. september sl. og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 10. september.

Í samræmi við ákvæði 6.2. og 6.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem málskotsnefnd KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Fyrir aga- og úrskurðarnefnd liggur staðfesting frá dómara á leik FH og Stjórnunnar þann 1. september 2024, á því að atvik það sem lýst er í greinargerð málskotsnefndar KSÍ hafi hvorki hann né dómarateymi leiksins séð. Ef um hefði verið að ræða atvik sem dómari hefði áður lagt mat á og tekið ákvörðun um inn á velli, þá skal tekið fram að það atvik hefði ekki getað sætt endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar á grundvelli greinar 6.3.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 10. júlí lá fyrir skrifleg greinargerð frá Stjórnunni. Það er mat nefndarinnar, samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, að atvik það sem vitnað er til í greinargerð málskotsnefndar KSÍ frá 3. september sl. og jafnframt birtist á myndskaiði sem fylgir með greinargerðinni, sé alvarlegt agabrot. Í tilvitnuðu atviki sýnir leikmaður Stjórnunnar í Bestu deild karla, Guðmundur Kristjánsson, af sér alvarlega grófan og hættulegan leik er hann slæmir hendi sinni í höfuð leikmanns FH Böðvars Böðvarssonar. Atvik þetta hafi hvorki dómari né aðstoðarmenn hans séð í leik FH og Stjórnunnar í Bestu deild karla þann 1. september sl.

Hefur aga- og úrskurðarnefnd ákveðið, með vísan til ákvæða 6.2. og 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, að úrskurða Guðmund Kristjánsson, leikmann Stjórnunnar, í eins leiks bann í Íslandsmóti vegna atviksins í framangreindum leik, samkvæmt 13. gr. sömu reglugerðar. Leikbann Guðmundar Kristjánssonar tekur gildi kl. 12 á hádegi næsta dag frá birtingu á úrskurði þessum, sbr. grein 9.2. reglugerðarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson